



Hanna Margrét Jónsdóttir

MS verkefni: „Að það séu fleiri úrræði í boði fyrir aðila í minni stöðu, það bjargar mannlífum.“

Viðhorf og upplifun einstaklinga í niðurtröppunar- eða viðhaldsmeðferðum í apóteki á Íslandi

Höfundur: Hanna Margrét Jónsdóttir er fædd þann 18.nóvember árið 1999. Hún er alin upp í Sandgerði og býr í dag með sambýlismanni sínum og dóttur. Hanna Margrét lauk stúdentsprófi af fjölgreinabraut frá Fjölbautaskóla Suðurnesja vorið 2018. Eftir útskrift starfaði Hanna Margrét sem stundakennari í Sandgerðisskóla

og seinna meir sem umsjónarkennari í Snælandsskóla. Árið 2020 hóf hún svo BS nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands sem hún lauk vorið 2023. Í framhaldinu hóf hún meistaranám í sama fagi, haustið 2023. Vorið 2024 tók hún sér pásu frá námi eina önn vegna barneigna, en í febrúar 2024 eignaðist Hanna Margrét dóttur sína, Laufeyju Móu. Samhliða námi hefur Hanna Margrét starfað í Lyfju Reykjanesbæ og svo í Reykjanesapóteki, en þar hefur hún starfað í rúm fjögur ár.

Stuttur útdráttur úr ritgerð:

Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að kanna viðhorf og upplifun einstaklinga í niðurtröppunar- eða viðhaldsmeðferðum í apóteki á Íslandi. Slíkt skiptir máli fyrir frekari þróun úrræða fyrir einstaklinga með fíknisjúkdóm og til þess að skilja betur hvaða þættir hafa áhrif á þá einstaklinga. Framkvæmd var eigindleg rannsókn í Reykjanesapóteki þar sem tekin voru hálf opin viðtöl við 10 einstaklinga í niðurtröppunar- eða viðhaldsmeðferð. Viðtalsrammi var notaður til stuðnings í viðtölum en viðmælendur fengu svigrúm til þess að svara spurningunum og ræða sín sjónarmið. Niðurstöður gefa til kynna að mikil þörf er fyrir þjónustu af þessu tagi í apótekum. Fram kom að stuðningur og hlýtt viðmót meðferðaraðila og fjölskyldu skiptir sjúklingana miklu máli. Jafnframt gefa niðurstöður til kynna að þörf er á betra ut anumhaldi og eftirfylgni meðferða með ávana- og fíknilyfjum, ásamt frekari verklagsferlum og lagalegum ramma sem geti stutt frekari þróun niðurtröppunar- og viðhaldsmeðferða í apótekum.